

Ár 2012, miðvikudaginn 1. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram eftirfarandi dagskrártillögubreytingu. Við fundarboð bætist liður 3.2 fundargerð verkfundar Gatnagerð og göngustígur við Breiðumörk frá 31. október 2012. Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Landsamtökunum Þroskahjálp frá 15. október 2012.

Í bréfinu eru kynntar ályktanir sem gerðar voru á fulltrúafundi Landsamtakanna Þroskahjálp 12. - 14. október s.l..

Lagt fram til kynningar.

1.2. Blindrafélaginu frá 15. október 2012.

Með bréfinu er vakin athygli á leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Lagt fram til kynningar.

1.3. SÁÁ ódagsett.

Í bréfinu er kynnt átakið Betra líf og óskað eftir stuðningi bæjarins við átakið.

Bæjarráð tekur undir samþykkt Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. október 2012 um sama mál en þar var samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra Sambandsins að taka upp viðræður við velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið og innanríkisráðuneytið til að fá fram með hvaða hætti ríkisvaldið geti stutt sveitarfélögin til að byggja upp nauðsynlega þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, fjölskyldur þeirra og börn.

1.4. Grími Hákonarsyni frá 23. október 2012.

Í bréfinu er rætt um lokun á Sambíó á Selfossi.

Bæjarráð er sammála því að rekstur kvikmyndahúss heima í héraði er

til menningarauka fyrir Suðurland. Aftur á móti sér bæjarráð sér ekki fært að koma með neinum hætti að slíkum rekstri enda á slíkt að vera á hendi einkaaðila og rekið á markaðslegum grunni.

1.5. Landskerfi bókasafna frá 23. október 2012.

Í bréfinu er boðað á aukaaðalfund Landskerfa bókasafna hf þann 8. nóvember n.k.

Bæjarráð samþykkir að fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum verði Hlíf Arndal.

1.6. Listvinafélagi Hveragerðis ódagsett.

Í bréfinu óskar Listvinafélag Hveragerðis eftir þjónustusamningi við Hveragerðisbæ.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra og menningar- og frístundafulltrúa að ræða við bréfitara með það fyrir augum að gerður verði þjónustusamningur við félagið í anda annarra samninga sem gerðir hafa verið við félagasamtök í bæjarfélaginu.

1.7. Reiðveganefnd Hestamannafélagsins Ljúfs frá október 2012.

Með bréfinu fylgdi skýrsla reiðveganefndar Hestamannafélagsins Ljúfs og jafnframt er óskað eftir endurnýjun á þjónustusamningi við Hveragerðisbæ.

Bæjarstjóri upplýsti að fyrir lægju drög að nýjum þjónustusamningi við Hestamannafélagið Ljúf.

1.8. Diðriki Sæmundssyni frá 15. október 2012.

Í bréfinu mótmælir Diðrik Sæmundsson samþykkt bæjarráðs um niðurrif girðingar norðan Friðarstaða.

Bæjarráð ítrekar fyrri ákvörðun sína vegna þessa máls en fyrst og fremst er ætlunin með þeim breytingum sem þarna eru fyrirhugaðar að tryggja öryggi þeirra sem dalinn nota til útivistar. Skipulags- og byggingafulltrúa er falið að ræða við bréfitara vegna þessa.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Samningur við nemendur 7. bekkjar GíH.

Lagður fram samningur við 7. bekk GíH um umhverfishreinsun.

Samningurinn samþykktur.

2.2. **Samningur við nemendur 10. bekkjar GíH.**

Lagður fram samningur við 10. bekk GíH um aðstoð við skólastarf.
Samningurinn samþykktur.

3. **Verkfundagerðir:**

3.1. **Gatnagerð og göngustígur við Breiðumörk frá 16. október 2012.**

Fundargerðin samþykkt.

3.2. **Gatnagerð og göngustígur við Breiðumörk frá 31. október 2012.**

Varðandi lið 8 samþykkir bæjarráð að malbikað verði og jarðvegsskipt meðfram langhlið Grýluvallar og göngustígur verði þar með samfelldur að vallahúsi og öðrum mannvirkjum á svæðinu. Kostnaður vegna þessa er um 1,6 mkr og rúmast innar fjárfestingaráætlunar fyrir árið 2012.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. **NOS frá 26. október 2012.**

4.2. **SASS frá 17. október 2012.**

4.3. **Sorpstöð Suðurlands frá 1. október 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)